

74. fundur

20. desember 2018

1002008SA BOH

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

74. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 20. desember 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Oddur Jakobsson og Guðbjörg Sigurjónsdóttir. Af hálfu SNS mættu, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Mál félagsmanns er varðar röðun tónlistarskólakennara sem lokið hefur burtfaraprófi í starfsheiti.**

Niðurstaða

Málið rætt afgreiðslu frestað.

**2. Greiðsla hljóðfæragjalds í veikindum starfsmanns**

Niðurstaða

Málið rætt. FT kemur með tillögu að orðalagi.

**3. Ósk um mat á því hvort Kirkjuorganistapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunar gefi viðbótalaunaflokka skv. grein 1.3.3. –**

Niðurstaða

Samstarfsnefnd er sammála um að Kirkjuorganistapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunar uppfylli ekki skilyrði greinar 1.3.3 um framhaldsnám við tónlistarháskóla.

**4. Undir hvaða flokk hljóðfæragjalds fellur rafmagnspíanó –**

Niðurstaða

Rafmagnspíanó fellur undir hljóðfæraflokk 2.

Fundi slitið klukkan 15:39